

# Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 24. október 2024 kl. 19:45 á Zoom.

Mættir: Sigurður Arnar Pálsson AIFS, Tryggvi M Þórðarson KK, Baldur Haraldsson BS og Aðalsteinn Símonarson BÍKR

Fundargerð ritaði AS

## 1. Skýrsla keppnisráðsins 2024

Fyrir fundinum lágu drög að skýrslu. Voru þau samþykkt eftir yfirllestur og lagfæringar.

## 2. Reglubreytingar 2025

Farið var yfir fyrirbyggjandi tillögur að reglubreytingum. Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar.

Keppnisgreinareglur fyrir rally;

- ný grein 3.6.9 varðandi refsingar fyrir of hraðan akstur áhafnar á ferjuleiðum,
- ný grein 3.8.19 varðandi heimild til að undanskilja stakar sérleiðir fyrir ákveðna flokka,
- grein 3.8.23, heimild til að vakta hraðahindrun með rafrænum hætti.

Flokkur E (eindrif), 1.000 sm<sup>3</sup>;

- grein 2.1.5, leyfa að skipta um mótörpúða,
- grein 2.2, leyfa að skipta um stýrisenda,
- grein 2.4.4, fella út takmarkanir á smíði fyrir framan demparaturna og leyfa hlífðarpönnu,
- grein 2.5.1, leyfa styrkingu á spyrnum og breytingu á sporvidd,
- grein 2.5.2, leyfð er breyting á bremsuklossum og að setja stillanlegan bremsudeili.

Flokkur Proto;

- Gildistími framlengdur til og með 1. janúar 2026.

## 3. Önnur mál

AS hefur ekki tök á að mæta á formannafund AKÍS á Akureyri 9. nóvember n.k. Samþykkt að BH verði fulltrúi ráðsins á fundinum.

Fundi slitið kl. 20.59